

Alþingi
Erindi nr. P 140/60
komudagur 9.11.2011

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um þingályktun um eflingu græna hagkerfisins á Íslandi, 7. mál.

Í tillögu til þingályktunar um eflingu græna hagkerfisins á Íslandi er fjallað um helstu áherslur til að Ísland geti skipað sér í fremstu röð sem grænt hagkerfi á alþjóðlegum vettvangi.

Suðurlandsskógar gera athugasemdir við að ekki skuli vera fjallað um möguleika skógræktar í grænu hagkerfi Íslands til framtíðar. Framtíð landsins er líkt og annarra landa byggt að hluta til á grænum störfum til framtíðar. Skógrækt getur skapað þau skilyrði sem þarf til að Ísland taki forustu á þessu sviði, efrétt er á málum haldið.

Skorað er á höfunda og flutningsmenn þessarar þingályktunartillögu að þeir kynni sér vel þá möguleika og tækifæri sem felast í grænu hagkerfi með skógrækt innanborðs.

Suðurlandsskógar eru ávallt tilbúir að veita upplýsingar um skógrækt og möguleika hennar sem atvinnugreinar.

F.h. Suðurlandsskóga

Björn Bjarndal Jónsson
framkvæmdastjóri SIs

heimasíða: www.sudskogur.is
netfang: bjorn@sudskogur.is
sími: 480 1822